

REGLUR

um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Flóahreppi.

1. gr.

Almennt.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 4/1995 með síðari breytingum og 7. gr. reglugerðar nr. 1160/2005 er sveitarstjórnnum veitt heimild til að lækka, fella niður eða veita styrki til greiðslu fasteignaskatta.

Sveitarstjórnnum er skylt að setja reglur um beitingu þessa ákvæðis.

2. gr.

Starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni.

Ekki eru veittir styrkir til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum félaga sem rekin eru af menningar-, íþróttá- og æskulýðsfélögum.

3. gr.

Ellilífeyrisþegar.

Ellilífeyrisþegar sem búsettir eru í eigin íbúðarhúsnæði og eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta sótt um 50% afslátt af fasteignaskatti. Eingöngu er um lækkun af íbúðarhúsnæði að ræða.

4. gr.

Bújarðir og útihús.

Ekki er veitt heimild til lækkunar eða niðurfellingar á fasteignaskatti af bújörðum eða af útihúsum.

5. gr.

Friðuð hús.

Eigendur friðaðra húsa geta sótt um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af friðuðum húsum ef staðið hefur verið að endurbótum eða endurbyggingu þeirra.

Umsóknnum skal skilað inn til skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Umsókn skulu fylgja upplýsingar um endurbyggingu eða endurbætur húsa.

Sveitarstjórn metur umsóknir og ákveður lækkun eða niðurfellingu í hvert sinn. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fram hafi farið umtalsverðar endurbætur.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 20. desember 2006 og taka þegar gildi.

Flóahreppi, 27. desember 2006.

Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri Flóahrepps.